

Fréttatilkynning

FKA skorar á fjölmiðla að hafa 80% kvenkynsviðmælendur þann 20. september

Spegill 2016- Stefnumót FKA og fjölmiðla **Spegill, spegill herm þú mér...**



Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) stendur fyrir málþingi þriðjudaginn 20. september kl. 8.30 -10.15 í húsaýnum Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

Eygló Harðardóttir, Félags- og húsnæðismálaráðherra flytur ávarp, Creditinfo mun birta nýjar tölur úr fjölmiðlamælingum, m.a. með tilliti til hlutdeildar stjórn mála í innlendri umræðu. Auk þess munu forsvarsmenn fjölmiðlanna, þeir Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri RÚV og Sævar Freyr Þráinsson forstjóri 365 taka þátt. Munu þeir segja frá áherslum miðlanna er kemur að því að beita sér fyrir því að kynjahlutföll endurspegli sem best mannauð samfélagsins. Loks verða forystumenn stjórn mála flokkana spurðir um áherslur þegar kemur að jöfnun kynjahlutfalls í þjóðmálaumræðunni.

Womens Media Day: 80% viðmælenda konur þennan dag?

Í tilefni dagsins viljum við einnig fá fjölmiðlana til liðs við okkur. Þennan dag hvetjum við fjölmiðla til að taka þátt með því að snúa tölfræðinni konum í vil, en rannsóknir sem Creditinfo hefur unnið í samstarfi við FKA undanfarin ár hafa sýnt fram á 80/20 eða 70/30 hlutföll körlum í vil, er kemur að fréttatengdu efni á ljósvakamiðlunum. Íslenskir miðlar gætu þannig farið fram með ýktri, en góðri fyrirmynd í viðleitni sinni að sýna viljann í verki.

Fjölmiðlaverkefni FKA hefur staðið frá árinu 2013 og lýkur 2017. Markmiðið er að auka ásýnd kvenna í fjölmiðlum og vekja sem flesta til jákvæðrar vitundar um að konur búa yfir heilmikilli þekkingu og reynslu sem hægt er að nýta í fréttá- og þjóðfélagsumræðu.



Allar nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, hrafnhildur@fka.is

Tengsl við fjölmiðla annast:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir stjórnarformaður FKA í síma: 863-1136

Rakel Sveinsdóttir, varaformaður FKA í síma: 822-0866

Dagskrá

- 8:00 Morgunkaffi**
- 8:30 Ávarp**
Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra
- 8:35 Inngangsorð**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Greyline og formaður FKA
- 8:40 Niðurstöður rannsóknar Creditinfo**
Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo
- 8:50 Verklag og áherslur**
Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365
- 9:05 Verklag og áherslur**
Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri
- 9:20 Q & A**
- 9:30 Pallborðsumræður með fulltrúum flokka**
Stjórnandi Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Greyline og formaður FKA
- 10:10 Lokaorð**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Greyline og formaður FKA
- 10:15 Málþingi lokið**

Fundarstjóri: Rakel Sveinsdóttir, varaformaður FKA

Fundarstaður: Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík

Fundartími: Þriðjudagur 20. september nk. kl. 08.00-10:15